

AUGLÝSING

um samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

Hinn 26. apríl 2018 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, sem gerður var í Ístanbul 11. maí 2011. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. ágúst 2018.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 5. júlí 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR EVRÓPURÁÐSINS
UM FORVARNIR OG BARÁTTU GEGN
OFBELDI Á KONUM
OG HEIMILISOFBELDI

Istanbul, 11.V.2011

Formálsorð

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðrir undirritunaraðilar að samningi þessum,

minna á sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis (1950, ETS nr. 5) og bókanir við hann, félagsmálasáttmála Evrópu (1961, ETS nr. 35, endurskoðaðan 1996, ETS nr. 163), Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali (2005, CETS nr. 197) og Evrópuráðssamning um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun (2007, CETS nr. 201),

minna á eftirfarandi tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkja ráðsins: tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2002) 5 um vernd kvenna gegn ofbeldi, tilmæli CM/REC(2007) 17 um staðla og kerfi fyrir jafnrétti kynjanna, tilmæli CM/Rec (2010) 10 um hlutverk kvenna og karla til að fyrirbyggja og leysa ágreiningsmál og friðargæslu og önnur tilmæli sem skipta máli,

að teknu tilliti til aukins fjölda dóma Mannréttindadómstóls Evrópu sem setja mikilvæga staðla vegna ofbeldis gegn konum,

að teknu tilliti til alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (1966), alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (1966), samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum („CEDAW“, 1979) og valfrjálsrar bókunar hans (1999) auk almennra tilmæla nr. 19 frá CEDAW nefndinni um ofbeldi gegn konum, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1989) og valfrjálsrar bókunar hans (2000) og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006),

að teknu tilliti til Rómarsamþykktarinnar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn (2002),

minna á grundvallarreglur alþjóðlegs mannúðarréttar og einkum Genfarsamninginn (IV) um vernd almennra borgara á stríðstímum (1949) og viðbótarbókun I og II (1977) við hann,

fordæma allar birtingarmyndir ofbeldis gegn konum og heimilisofbeldis,

gera sér grein fyrir að lykilatriði til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum er að koma jafnrétti kvenna og karla á að lögum (*de jure*) og í reynd (*de facto*),

gera sér grein fyrir að ofbeldi gegn konum er birtingarform sögulegs ójafnvægis í valdahlutföllum milli kvenna og karla sem leitt hefur til drottunar karla yfir og mismununar gegn konum og kemur í veg fyrir fullan framgang þeirra,

viðurkenna að ofbeldi gegn konum er í eðli sínu kynbundið ofbeldi og að ofbeldi gegn þeim er eitt helsta félagslega tækið til að neyða konur til að skipa lægri sess í samfélaginu en karlar,

gera sér grein fyrir og telja það mikið áhyggjuefni að konur og stúlkur verða oft fyrir alvarlegu ofbeldi, svo sem heimilisofbeldi, kynferðislegri áreitni, nauðgun, þvingun í hjónaband, glæpum sem kenndir eru við svokallaðan „heiður“ og limlestingu kynfæra sem er alvarlegt brot á mannréttindum kvenna og stúlkna og kemur í veg fyrir að jafnrétti kvenna og karla nái fram að ganga,

gera sér grein fyrir þeim brotum á mannréttindum sem eiga sér stað á tímum vopnaðra átaka og óbreyttir borgarar verða fyrir, einkum konur, vegna tíðra eða kerfisbundinna nauðgana og kynferðisofbeldis sem og líkum á auknu kynbundnu ofbeldi bæði fyrir og eftir vopnuð átök,

gera sér grein fyrir því að konur og stúlkur eru í meiri hættu en karlar að verða fyrir kynbundnu ofbeldi,

gera sér grein fyrir að konur verða hlutfallslega oftar fyrir heimilisofbeldi en karlar sem geta þó einnig orðið fyrir slíku ofbeldi,

gera sér grein fyrir að börn eru þolendur heimilisofbeldis, þar með talið sem vitni að ofbeldi innan fjölskyldunnar,

hafa sett sér það markmið að Evrópa verði laus við ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI

Markmið, skilgreiningar, jafnrétti og bann við mismunun, almennar skyldur.

1. gr.

Markmið samnings þessa.

1. Markmið samningsins eru að:
 - a) vernda konur gegn öllum birtingarmyndum ofbeldis og fyrirbyggja ofbeldi, sækja til saka gerendur og uppræta ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi,
 - b) stuðla að því að uppræta allar birtingarmyndirá mismunun gagnvart konum og að efla raunverulegt jafnrétti kvenna og karla, þar með talið með valdeflingu kvenna,
 - c) setja fram heildarramma, stefnu og ráðstafanir til að vernda og aðstoða alla þolendur ofbeldis og heimilisofbeldi,
 - d) efla alþjóðlegt samstarf með það að markmiði að uppræta ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi,
 - e) styðja og aðstoða samtök og löggæsluyfirvöld til að geta átt árangursríkt samstarf um að vinna eftir samhæfðri aðferð til að uppræta ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi.
2. Með samningnum er komið á fót sérstöku eftirlitskerfi til að tryggja að samningsaðilar framfylgi ákvæðum hans á áhrifaríkan hátt.

2. gr.

Gildissvið samnings þessa.

1. Samningur þessi tekur til ofbeldis gegn konum í öllum birtingarmyndum þess, þar á meðal heimilisofbeldis þar sem konur eru hlutfallslega oftast þolendur.
2. Samningsaðilar eru hvattir til að beita samningi þessum í þágu allra þolenda heimilisofbeldis. Samningsaðilar skulu leggja sérstaka áherslu á málefni kvenna sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi þegar þeir innleiða ákvæði samnings þessa.
3. Samningur þessi gildir jafnt á friðartímum og á tímum vopnaðra átaka.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a) „ofbeldi gegn konum“ telst brot á mannréttindum og mismunun gegn konum, og tekur til alls kynbundins ofbeldis sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til líkamlegs, kynferðislegs, andlegs eða fjárhagslegs skaða eða þjáninga kvenna, þar á meðal hótana um slíka verknaði, nauðungar eða gerræðislegra frjálrsræðissviptinga, hvort sem það á sér stað á almannaferi eða í einkalífi,
- b) „heimilisofbeldi“ á við um öll líkamleg, kynferðisleg, andleg eða fjárhagsleg brot sem eiga sér stað innan fjölskyldunnar eða heimiliseiningar eða á milli fyrrverandi og núverandi maka eða sambúðarmaka, hvort sem gerandi deilir, deilir ekki eða hefur deilt húsnæði með þolanda,
- c) „kyngervi“ merkir hlutverk, hegðun, athafnir og eiginleika sem samfélagið telur viðeigandi fyrir konur og karla,
- d) „kynbundið ofbeldi gegn konum“ merkir ofbeldi sem er beint að konu vegna þess að hún er kona eða ofbeldi sem konur verða hlutfallslega meira fyrir,
- e) „þolandi“ merkir hvern þann einstakling sem verður fyrir verknaði sem er tilgreindur í a- og b-lið,
- f) „konur“ merkir einnig stúlkur undir átján ára aldri.

4. gr.

Grundvallarréttindi, jafnrétti og bann við mismunun.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að efla og vernda rétt allra, einkum kvenna, til að lifa við aðstæður þar sem ofbeldi þrífst ekki, hvort sem er hjá hinu opinbera eða í einkageiranum.
2. Samningsaðilar fordæma mismunun gegn konum í hvaða mynd sem er og munu tafarlaust gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu og öðrum hætti, til að koma í veg fyrir mismunun einkum með því að:
 - kveða á um meginreglu um jafnrétti kvenna og karla í stjórnarskrá sinni eða annarri löggjöf og tryggja að henni verði framfylgt í reynd,
 - banna mismunun gegn konum, þar á meðal með beitingu viðurlaga þar sem það á við,
 - nema úr gildi lög og láta af venjum sem mismuna konum.
3. Framkvæmd samningsaðila á ákvæðum samnings þessa, einkum um ráðstafanir til að vernda réttindi þolenda, skulu tryggð án nokkurrar mismununar, hvort sem kann að vera á grundvelli kynferðis, kyngervis, kynþáttar, litarháttar, tungumáls, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við minnihlutahóp, eigna, uppruna, kynhneigðar, kyngervislegrar sjálfsmyndar, heilsufars, fötlunar eða annarrar stöðu.
4. Sérstakar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir og vernda konur gegn kynbundnu ofbeldi teljast ekki mismunun samkvæmt skilmálum samnings þessa.

5. gr.

Skyldur ríkisins og hæfileg aðgæsla.

1. Samningsaðilar skulu forðast að taka þátt í ofbeldisbrotum gegn konum og tryggja að stjórnvöld, opinberir starfsmenn og aðrir fulltrúar stjórnvalda, stofnanir og aðrir aðilar á vegum ríkisins starfi í samræmi við þessar skyldur.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að gæta hæfilegrar aðgæslu við að koma í veg fyrir og rannsaka ofbeldi, refsgerendum og bæta fyrir ofbeldisbrot sem falla undir gildissvið samnings þessa og eru framin af öðrum en þeim sem eru á vegum stjórnvalda.

6. gr.

Kynjuð stefna.

Samningsaðilar skulu skuldbinda sig til að gæta kynjasjónarmiða við framkvæmd og mat á áhrifum ákvæða samnings þessa og til að stuðla að og framfylgja með virkum hætti jafnréttisstefnu kvenna og karla og valdeffingu kvenna.

II. KAFLI

Samhæfð stefna og gagnaöflun.

7. gr.

Heildaráætlanir og samræmd stefna.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir á landsvísu, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að setja og framkvæma skilvirka, heildstæða og samræmda stefnu sem snertir allar viðkomandi ráðstafanir í því skyni að koma í veg fyrir og berjast gegn öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa og boða heildræn viðbrögð við ofbeldi gegn konum.
2. Samningsaðilar skulu tryggja að stefnan, sem er vísað til í 1. mgr., skipi réttindum þolanda í öndvegi í öllum ráðstöfunum og sé unnin í árangursríkri samvinnu allra viðkomandi embætta, stofnana og samtaka.
3. Þar sem það á við skulu ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt þessari grein taka til allra viðkomandi framkvæmdaraðila, svo sem stofnana, stjórnvalda og þinga kjörinna fulltrúa á öllum stigum stjórnsýslu, sjálfstæðrar mannréttindastofnunar, frjálsra félagasamtaka og annarra borgaralegra samtaka.

8. gr.

Fjármögnun.

Samningsaðilar skulu ráðstafa viðeigandi fjármunum og mannafla til fullnægjandi framkvæmdar á samþættri stefnu, ráðstöfunum og forvarnaráætlunum til að vinna gegn öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa, þar á meðal aðgerðir frjálsra félagasamtaka og almennings.

9. gr.

Frjáls félagasamtök og almennigur.

Samningsaðilar skulu viðurkenna, hvetja og styðja starf frjálsra félagasamtaka og almennings í baráttunni við ofbeldi gegn konum og koma á áhrifaríku samstarfi við frjáls félagasamtök.

10. gr.

Samræmingaraðilar.

1. Samningsaðilar skulu tilnefna eða koma á fót einni eða fleiri opinberum stofnunum sem bera ábyrgð á samræmingu, framkvæmd, eftirliti og mati á stefnu og ráðstöfunum til að berjast gegn öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa. Þessar stofnanir skulu samræma gagnaöflun sem er vísað til í 11. gr. og greina og koma á framfæri niðurstöðum sínum.
2. Samningsaðilar skulu tryggja að stofnanir sem verða fyrir valinu eða eru settar á fót samkvæmt þessari grein fái almennar upplýsingar um ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt VIII. kafla.
3. Samningsaðilar skulu tryggja að stofnanir sem verða fyrir valinu eða settar á fót samkvæmt þessari grein geti átt í beinum samskiptum við og ræktað samband við sambærilegar stofnanir hjá öðrum samningsaðilum.

11. gr.

Gagnaöflun og rannsóknir.

1. Samningsaðilar skulu taka eftirfarandi að sér vegna framkvæmdar samnings þessa:
 - a) reglulega söfnun aðgreindra tölfræðilegra gagna sem eiga við um allar birtingarmyndir ofbeldis sem falla undir gildissvið samningsins,
 - b) veita stuðning við rannsóknir á öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa í þeim tilgangi að komast að undirrotum og orsökum vandans, sem og afleiðingum, afla upplýsinga um tíðni brota og fjölda sakfellinga og meta skilvirkni þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið til að framfylgja samningi þessum.
2. Samningsaðilar skulu leitast við að standa reglulega að lýðfræðilegum rannsóknnum í þeim tilgangi að meta útbreiðslu og þróun allra birtingarmynda ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa.
3. Samningsaðilar skulu veita sérfræðingahópi, sem er vísað til í 66. gr. þessa samnings, upplýsingar sem er safnað samkvæmt þessari grein, til að stuðla að aukinni alþjóðlegri samvinnu og greiða fyrir að sett verði alþjóðleg viðmið.
4. Samningsaðilar skulu tryggja að almennigur hafi aðgang að þeim upplýsingum sem safnað er samkvæmt þessari grein.

III. KAFLI

Forvarnir.

12. gr.

Almennar skyldur.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að breytingum á félagslegu og menningarlegu hegðunarmynstri kvenna og karla í því skyni að uppræta fordóma, venjur, hefðir og fleiri atriði sem byggja á hugmyndum um að konur séu lægra settar eða á staðalímyndum um konur og karla.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að koma í veg fyrir allar birtingarmyndir ofbeldis af völdum einstaklinga eða lögaðila sem falla undir gildissvið samnings þessa.

3. Allar ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt þessum kafla skulu taka mið af sérstökum þörfum einstaklinga við aðstæður þar sem þeir eru sérstaklega varnarlausir. Mannréttindi allra þolenda skulu vera í fyrirrúmi.
4. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja alla þjóðfélagsþegna, einkum karla og pilta, til að taka virkan þátt í að koma í veg fyrir allar birtingarmyndir ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa.
5. Samningsaðilar skulu tryggja að menning, siðir, trúarbrögð, hefðir eða svokallaður „heiður“ teljist ekki vera réttlætning á neinu ofbeldisbroti sem fellur undir gildissvið samnings þessa.
6. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera áætlanir og standa fyrir aðgerðum til valdeflingar kvenna.

13. gr.

Vitundarvakning.

1. Samningsaðilar skulu reglulega og á öllum stigum stuðla að eða standa að átaksverkefnum eða áætlunum til vitundarvakningar, meðal annars í samvinnu við innlend mannréttindasamtök og jafnréttisaðila, almenning, frjáls félagasamtök og einkum samtök kvenna, þar sem það á við, í því skyni að auka vitund og skilning almennings um mismunandi birtingarmyndir ofbeldis sem falla undir gildissvið samningsins, afleiðingar þess fyrir börn og mikilvægi þess að koma í veg fyrir slíkt ofbeldi.
2. Samningsaðilar skulu tryggja víðtæka miðlun upplýsinga til almennings um tiltækar aðgerðir til að koma í veg fyrir ofbeldi sem fellur undir gildissvið þessa samnings.

14. gr.

Fræðsla.

1. Þar sem það á við skulu samningsaðilar stíga nauðsynleg skref til að hafa kennsluefni á boðstólum í formlegum námskrám á öllum stigum skólakerfisins, sniðið að vaxandi skilningi nemenda, svo sem um jafnrétti kvenna og karla, kynhlutverk sem víkja frá staðalímynd um kyngervingu, gagnkvæma virðingu, friðsamlega lausn deilumála í samskiptum manna á milli, kynbundið ofbeldi gegn konum og friðhelgi einstaklinga.
2. Samningsaðilar skulu stíga nauðsynleg skref til að koma þeim meginreglum sem vísað er til í 1. mgr. á framfæri við fjölmiðla, aðila sem stunda fræðslustarf utan hins hefðbundna menntakerfis og þá sem bjóða upp á íþróttaaðstöðu, menningarþjónustu og tómstundaaðstöðu.

15. gr.

Þjálfun sérfræðinga.

1. Samningsaðilar skulu veita eða styrkja þjálfun fagfólks sem vinnur með þolendum eða gerendum, er beita hvers kyns ofbeldi sem fellur undir gildissvið samnings þessa, til að koma í veg fyrir og bera kennsl á slíkt ofbeldi, veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla, þarfir og réttindi þolenda og einnig hvernig koma megi í veg fyrir afleidd brot.
2. Samningsaðilar skulu hvetja til þess að þjálfun sem er vísað til í 1. mgr. taki til þjálfunar um samræmda og fjölbreytta samvinnu stofnana til að tryggja heildstæða meðferð vegna ofbeldismála sem falla undir gildissvið samnings þessa.

16. gr.

Íhlutun til forvarnar og meðferðarúrræði.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að koma á eða styðja verkefni sem miðast við að kenna gerendum heimilisofbeldis að láta af ofbeldishegðun sinni með það að markmiði að koma í veg fyrir frekara ofbeldi og að breyta ofbeldiskenndu atferlismynstri.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að koma á eða styðja við meðferðarúrræði sem miða að því að koma í veg fyrir að gerendur, einkum kynferðisbrotamenn, brjóti aftur af sér.

3. Samningsaðilar skulu, við ráðstafanir sem vísað er til í 1. og 2. mgr. tryggja að öryggi, stuðningur við þolendur og mannréttindi þeirra njóti forgangs og að úrræðum sé komið á og þeim hrint í framkvæmd í nánú samstarfi við stuðningsþjónustu sérfræðinga við þolendur.

17. gr.

Þátttaka einkageirans og fjölmiðla.

1. Samningsaðilar skulu hvetja aðila innan einkageirans, upplýsinga- og fjarskiptageirans og fjölmiðla, með fullri virðingu fyrir tjáningarfrelsi og sjálfstæði þeirra, til að taka þátt í útfærslu og framkvæmd stefnumiða og til að seta sér eigin reglur og framfylgja þeim í því skyni að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum og til að auka virðingu fyrir þeim.
2. Samningsaðilar skulu, í samvinnu við aðila innan einkageirans, byggja upp og kynna fyrir börnum, foreldrum og starfsfólki í uppeldisgreinum hvernig sporna megi við upplýsinga- og samskiptaumhverfi sem veitir aðgang að niðurlægjandi kynferðislegu eða ofbeldisfullu efni sem kann að vera skaðlegt.

IV. KAFLI

Vernd og stuðningur.

18. gr.

Almennar skuldbindingar.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að vernda alla þolendur fyrir frekari ofbeldisbrotum.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, í samræmi við landslög til að tryggja samvinnu allra viðkomandi stofnana, þar á meðal dómskerfis, saksóknara og annarra ákæranda, löggæslustofnana, stað- og svæðisbundinna stjórnvalda auk frjálsra félagasamtaka og annarra viðkomandi samtaka og aðila, í því skyni að vernda og styðja þolendur og vitni að öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa, þar á meðal almenna og sérhæfða stuðningsþjónustu eins og lýst er í 20. og 22. gr. þessa samnings.
3. Samningsaðilar skulu tryggja að ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessum kafla:
 - byggji á kynjuðum skilningi á ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi og séu með áherslu á mannréttindi og öryggi þolenda,
 - byggji á samhæfðri nálgun sem tekur tillit til sambands milli þolanda, geranda, barna og félagslegs umhverfis þeirra,
 - miðist við að forðast afleidd brot,
 - miðist við valdeflingu og fjárhagslegt sjálfstæði kvenna sem þolað hafa ofbeldi,
 - heimili margs konar verndar- og stuðningsþjónustu í sama húsnæði, þar sem við á,
 - taka á sérstökum aðstæðum varnarlausra einstaklinga, þar á meðal barna sem þolenda, og bregðast við þeim.
4. Þjónustan skal standa þolanda til boða hvort sem hann er reiðubúinn að leggja fram kæru eða vitna gegn geranda eða ekki.
5. Samningsaðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að veita ræðisvernd og aðra vernd og skulu styðja ríkisborgara sína og aðra þolendur sem eiga rétt á slíkri vörn í samræmi við skyldur þeirra samkvæmt þjóðarétti.

19. gr.

Upplýsingar.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þolendur fái fullnægjandi og tímanlega upplýsingar um stuðningsþjónustu sem er í boði og lagaleg úrræði á tungumáli sem þeir skilja.

20. gr.

Almenn stuðningsþjónusta.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þolendur hafi aðgang að þjónustu sem gerir þeim kleift að ná sér eftir ofbeldi. Þegar

þörf er á ættu þessar ráðstafanir að taka til ýmiss konar þjónustu, svo sem lögfræði- og sálfræði-ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, húsnæðis, fræðslu, þjálfunar og aðstoðar við atvinnuleit.

2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þolendur hafi aðgang að heilsugæslu og félagsþjónustu og að þjónustan hafi burði til að sinna hlutverki sínu og að fagfólk hafi hlotið þjálfun í að aðstoða þolendur og vísa þeim á viðeigandi þjónustu.

21. gr.

Aðstoð í kærumálum við einstaklinga og hópa.

Samningsaðilar skulu tryggja að þolendur hafi upplýsingar um og aðgang að viðeigandi svæðisbundnum og alþjóðlegum kæruleiðum fyrir einstaklinga og hópa. Samningsaðilar skulu stuðla að því að þolandi sem leggur fram kæru geti notið aðstoðar fólks með næman skilning og þekkingu á stöðu hans.

22. gr.

Stuðningsþjónusta sérfræðinga.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að veita eða sjá til þess að fyrir hendi sé fullnægjandi stuðningsþjónusta sérfræðinga sem sérhver þolandi hefur tafarlausan aðgang að, hvort sem er til skamms eða langs tíma, sem orðið hefur fyrir nokkru ofbeldisbroti er fellur undir gildissvið samnings þessa.
2. Samningsaðilar skulu veita eða sjá til þess að sérhæfð stuðningsþjónusta sé til staðar fyrir allar konur sem hafa mátt þola ofbeldi og börn þeirra.

23. gr.

Athvörf.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að koma á fót viðeigandi athvörfum sem auðvelt er að leita í og nægilega mörgum svo veita þeim sem á þurfa að halda örugga gístiaðstöðu og til að geta leitað markvisst að og boðið þangað þolendum, einkum konum og börnum þeirra.

24. gr.

Hjálparsímalínur.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að koma upp ókeypis hjálparsímalínum um land allt sem eru opnar allan sólarhringinn. Tilgangurinn er að veita þeim ráð sem hringja, í trúnaði eða að teknu hæfilegu tilliti til nafnleyndar þeirra, í tengslum við allar birtingarmyndir ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa.

25. gr.

Stuðningur við þolendur kynferðisofbeldis.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að setja á fót nægilega víða viðeigandi neyðarmóttökum sem þolendur nauðgunar eða kynferðisofbeldis geta auðveldlega leitað til og notið lækni- og réttarlækni- og áfallahjálpar og ráðgjafar.

26. gr.

Vernd og stuðningur fyrir börn sem vitni.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þegar veitt er varnar- og stuðningsþjónusta við þolendur sé viðeigandi tillit tekið til réttinda og þarfa barna sem verða vitni að hvaða birtingarmynd ofbeldis sem er sem falla undir gildissvið samnings þessa.
2. Ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari grein skulu fela í sér sálfræði- og félagslega ráðgjöf sem tekur mið af aldri barns sem verður vitni að því ofbeldi sem fellur undir gildissvið samnings þessa og skal hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

27. gr.

Tilkynningar.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja alla einstaklinga sem verða vitni að ofbeldisbrotum sem falla undir gildissvið samnings þessa að tilkynna það til þar til bærra samtaka eða yfirvalda og sömuleiðis að hvetja þá einstaklinga til hins sama sem hafa réttmæta ástæðu til að ætla að slíkt brot kunni að vera framið eða að búast megi við frekari ofbeldisbrotum.

28. gr.

Tilkynningar fagfólks.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að reglur um trúnað sem gilda að landsrétti um sumar starfsstéttir hamli ekki möguleikum þeirra, þegar við á, að tilkynna til þar til bærra samtaka eða stjórnvalda ef þær telja sig hafa gilda ástæðu til að álíta að alvarleg ofbeldisbrot, sem falla undir gildissvið samnings þessa, hafi verið framin eða að búast megi við frekari alvarlegum ofbeldisbrotum.

V. KAFLI

Efnislegur réttur.

29. gr.

Málshöfðun og úrræði einkaréttarlegs eðlis.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, svo að til að til staðar séu fullnægjandi einkaréttarleg úrræði fyrir þolendur til að leita réttar síns gegn geranda.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að veita þolendum fullnægjandi einkaréttarleg úrræði, í samræmi við meginreglur þjóðaréttar, gegn stjórnvöldum sem brugðist hafa skyldum sínum til að grípa til nauðsynlegra fyrirbyggjandi úrræða og verndarráðstafana innan valdsviðs síns.

30. gr.

Bætur.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þolendur eigi rétt á að krefjast skaðabóta frá gerendum fyrir öll brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.
2. Ríkið skal greiða þeim fullnægjandi bætur sem hafa orðið fyrir verulegu líkamstjóni eða heiluskurðingu að því marki sem tjónið er ekki bætt eftir öðrum leiðum, svo sem af geranda, tryggingum eða heilbrigðis- eða félagskerfi sem fjármagnað er af ríkissjóði. Þetta útilokar samningsaðila ekki frá því að krefja geranda um endurgreiðslu fyrir áður greiddar bætur svo fremi sem viðeigandi tillit er tekið til öryggis þolanda.
3. Ráðstafanir sem gerðar eru skv. 2. mgr. skulu tryggja að bætur séu greiddar innan hæfilegra tímamarka.

31. gr.

Forsjá, umgengnisréttur og öryggi.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að tekið sé tillit til ofbeldisbrota sem falla undir gildissvið samnings þessa við ákvörðun forsjár og umgengnisréttar við börn.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að nýting umgengnis- eða forsjárréttinda stefni ekki réttindum og öryggi þolanda eða barna í hættu.

32. gr.

Einkaréttarleg áhrif nauðungarhjónabanda.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að hjónabönd sem stofnað er til með nauðung megi lýsa ógild og leysa upp án þess að þolandi verði fyrir óeðlilegum kostnaði eða skriffinnsku.

33. gr.

Andlegt ofbeldi.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að ásetningsverknaður, sem skaðar að marki andlega friðhelgi einstaklings með nauðung eða hótunum, sé lýstur refsiverður.

34. gr.

Umsáturselti.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að ásetningsverknaður, sem felst í ógnandi hegðun gagnvart öðrum einstaklingi og veldur ótta hjá honum um eigið öryggi, sé lýstur refsiverður.

35. gr.

Líkamlegt ofbeldi.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að ásetningsverknaður sem felst í líkamlegu ofbeldi gegn öðrum einstaklingi sé lýstur refsiverður.

36. gr.

Kynferðislegt ofbeldi, þar með talin nauðgun.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að eftirfarandi ásetningsverknaðir séu lýstir refsiverðir:
 - a) að taka þátt í að þröngva í kynferðislegum tilgangi líkamshluta eða öðrum hlut inn í leggöng, endaparm eða munn á öðrum einstaklingi án samþykkis hans,
 - b) að taka þátt í öðrum kynferðislegum athöfnum með öðrum einstaklingi án samþykkis hans,
 - c) að verða valdur að því að annar einstaklingur taki þátt í kynferðislegri athöfn með þriðja einstaklingi án gagnkvæms samþykkis þeirra.
2. Samþykki þarf að vera gefið af fúsum og frjálsum vilja einstaklingsins og það metið með tilliti til ytri aðstæðna.
3. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við um brot framin gegn fyrrverandi eða núverandi maka eða sambúðarmaka eins og skilgreint er í landslögum.

37. gr.

Nauðungarhjónaband.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að sú háttsemi að neyða af ásetningi fullorðinn einstakling eða barn til að ganga í hjónaband sé lýst refsiverð.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að sú háttsemi sé lýst refsiverð að tæla fullorðinn einstakling eða barn yfir á yfirráðasvæði samningsaðila eða ríkis, annars en þess sem hún eða hann eru með búsetu á, af ásetningi í þeim tilgangi að neyða viðkomandi fullorðinn einstakling eða barn til að ganga í hjónaband.

38. gr.

Limlesting á kynfærum kvenna.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að eftirtaldir ásetningsverknaðir séu lýstir refsiverðir:

- a) að sníða af, sauma saman eða fremja hverja aðra limlestingu á kynfærum konu í heild eða hluta af ytri skapabörmum, innri skapabörmum eða sníp,
- b) að neyða konu til að gangast undir nokkra þá aðgerð sem lýst er í a-lið eða valda því að kona gangist undir slíka aðgerð,
- c) hvetja, neyða eða valda því að stúlka gangist undir nokkra þá aðgerð sem lýst er í a-lið.

39. gr.

Nauðungarfóstureyðing og nauðungarvömun.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að eftirtaldir ásetningsverknaðir séu lýstir refsiverðir:

- a) að framkvæma fóstureyðingu á konu án þess að fyrir liggi upplýst samþykki hennar,
- b) að framkvæma aðgerð á konu í þeim tilgangi eða sem veldur því að hún verður ekki lengur fær um að eignast afkvæmi með eðlilegum hætti án þess að fyrir liggi upplýst samþykki hennar eða að öðrum kosti að tryggt sé að hún skilji eðli aðgerðarinnar.

40. gr.

Kynferðisleg áreitni.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að gera refsivert eða beita viðurlögum gegn kynferðislegri áreitni, hvort sem hún er orðbundin, táknræn eða líkamleg sem viðhöfð er í óþökk þess sem fyrir henni verður og er til þess gerð að brjóta eða leiðir til þess að brotið er gegn mannlegri reisn einstaklings, einkum þegar áreitnin skapar kúgandi, fjand-samlegar, lítillækkandi, niðurlægjandi eða móðgandi aðstæður.

41. gr.

Aðstoð við brot eða hvatning til brots og tilraun til brots.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að hlutdeild eða hvatning til brota, sem lýst eru refsiverð samkvæmt 33., 34., 35., 36., 37., a-lið 1. mgr. 38. og 39. gr. í samningi þessum, teljist refsivert brot ef um ásetning er að ræða.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til þess að tilraun til að fremja brot, sem lýst eru refsiverð samkvæmt 35., 36., 37., a-lið 1. mgr. 38. og 39. gr. í samningi þessum, teljist refsivert brot ef um ásetning er að ræða.

42. gr.

Ólíðandi réttlætning á brotum, þar með talin brot framin í nafni svokallaðs „heiðurs“.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að við meðferð sakamáls eftir að ofbeldisbrot sem falla undir gildissvið samnings þessa hafa verið framin þá séu menning, siðir, trúarbrögð, hefðir eða svokallaður „heiður“ ekki talin réttlæta slík brot. Þetta á einkum við um fullyrðingar þess efnis að þólandi hafi brotið gegn menningarlegum, trúarlegum, félagslegum eða hefðbundnum grunnreglum og síðum um rétta hegðun.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að hver sá einstaklingur sem hvetur barn til að fremja eitthvert þeirra brota sem lýst er í 1. mgr. skuli bera sömu refsíabyrgð fyrir framin brot á sama hátt og hann hefði framið þau sjálfur.

43. gr.

Refsinæmi refsibrota.

Brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum skulu teljast óháð eðli þess sambands sem er á milli þólanda og geranda.

44. gr.

Lögsaga.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til þess að þeir geti felld undir lögsögu sína hvert brot, sem lýst er refsivert samkvæmt samningi þessum, þegar það er framið:
 - a) á yfirráðasvæði samningsaðila eða
 - b) um borð í skipi sem siglir undir fána þeirra eða
 - c) um borð í loftfari sem er skráð samkvæmt lögum þeirra eða
 - d) af ríkisborgara þeirra eða
 - e) af einstaklingi sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði þeirra.
2. Samningsaðilar skulu kappkosta að gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að fella undir lögsögu sína sérhvert brot sem lýst er refsivert samkvæmt samningi þessum ef það er framið gegn ríkisborgara þeirra eða einstaklingi sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði þeirra.
3. Að því er varðar saksókn vegna brota, sem lýst eru refsiverð í samræmi við ákvæði 36., 37., 38. og 39. gr. samnings þessa, skulu samningsaðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að lögsaga þeirra sé ekki bundin því skilyrði að verknadir séu refsiverðir á þeim stað þar sem þeir voru framdir.
4. Að því er varðar saksókn vegna brota, sem lýst eru refsiverð í samræmi við ákvæði 36., 37., 38. og 39. gr. samnings þessa, skal hver samningsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir með lagasetningu eða öðrum hætti til að tryggja að lögsaga hans, að því er varðar d- og e-liði 1. mgr., sé ekki bundin því skilyrði að saksókn geti aðeins hafist eftir að skýrsla hefur verið tekin af þolanda eða ákæra lögð fram af hálfu þess ríkis þar sem brotið var framið í.
5. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða með öðrum hætti, til að fella undir lögsögu sína brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum þegar gerandi er staddur á yfirráðasvæði samningsaðilans og hann framselur hann ekki öðrum samningsaðila einvörðungu á grundvelli ríkisfangs hans.
6. Geri fleiri en einn samningsaðili kröfu um lögsögu vegna meints brots sem lýst er refsivert í samræmi við ákvæði samnings þessa skulu hlutaðeigandi samningsaðilar hafa með sér samráð, þar sem það á við, í því skyni að ákvarða innan hvaða lögsögu heppilegast sé að viðkomandi verði sóttur til saka.
7. Að teknu tilliti til almennra reglna þjóðaréttarins útilokar samningur þessi ekki að beitt sé sérhverri þeirri refsiréttarlögsögu sem aðildarríki hefur samkvæmt landslögum sínum.

45. gr.

Viðurlög og ráðstafanir.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að viðurlög við brotum, sem lýst hafa verið refsiverð í samræmi við ákvæði samnings þessa, séu skilvirk, hæfileg og hafi varnaðaráhrif, að teknu tilliti til alvarleika þeirra. Viðurlög þessi skulu, þegar við á, taka til refsinga sem fela í sér frjálsræðissviptingu og geta leitt til framsals.
2. Samningsaðilar geta samþykkt aðrar ráðstafanir vegna gerenda, svo sem:
 - að vakta dæmda einstaklinga eða hafa eftirlit með þeim,
 - að afturkalla réttindi foreldra ef hagsmunir barns, sem geta meðal annars falist í öryggi þolanda, verða ekki tryggðir með öðrum úrræðum.

46. gr.

Refsiþyngingarástæður.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að unnt sé í samræmi við viðeigandi ákvæði landslaga að taka tillit til eftirfarandi aðstæðna, að því marki sem þær eru ekki þegar hluti af brotinu, sem refsíþyngingarástæður vegna brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum:

- a) brotið var framið gegn fyrrverandi eða núverandi maka eða sambúðarmaka eins og hann er skilgreindur í landslögum, af fjölskyldumeðlim, einstaklingi sem býr með þolanda eða einstaklingi sem misnotar valdastöðu sína,
- b) brotið eða skyld brot voru framin ítrekað,
- c) brotið var framið gegn sérstaklega varnarlausum einstaklingi,
- d) brotið var framið gegn barni eða í návist barns,
- e) brotið frömdu tveir eða fleiri einstaklingar í sameiningu,
- f) brotið var framið í framhaldi af, eða með grimmilegu ofbeldi,
- g) beitt var vopni við brotið eða beitingu vopns hótað,
- h) þolandi beið alvarlegt, líkamlegt eða andlegt tjón við brotið,
- i) gerandinn hafði áður verið sakfelldur fyrir svipað brot.

47. gr.

Refsidómar hjá öðrum samningsaðila.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að unnt verði, þegar viðurlög eru ákveðin, að taka tillit til dóma sem fallið hafa hjá öðrum samningsaðila í tengslum við brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

48. gr.

Bann við annarri skyldubundinni málsmeðferð til lausnar deilumálum eða við dómsuppkvaðningu.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að banna aðrar skyldubundnar sáttameðferðir, þar á meðal sáttamiðlanir og sáttaumleitanir, vegna allra birtingarmynda ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að ef lögð er fésekt á geranda skuli taka viðeigandi tillit til getu hans að standa við fjárhagslega skuldbindingu sína gagnvart þolanda.

VI. KAFLI

Rannsókn brota, saksókn, réttarfarsreglur og verndarráðstafanir.

49. gr.

Almennar skuldbindingar.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að rannsóknir og saksóknir vegna ofbeldis í öllum birtingarmyndum sem falla undir gildissvið þessa samnings fari fram án ástæðulausra tafa og jafnframt að tekið sé tillit til réttinda þolanda á öllum stigum sakamárameðferðar.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, í samræmi við grundvallarreglur mannréttinda og að teknu tilliti til kynjaðs skilnings á ofbeldi til að tryggja skilvirka rannsókn og saksókn vegna brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

50. gr.

Tafarlaus viðbrögð, forvarnir og vernd.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að löggæslustofnanir sem bera ábyrgð á málefnasviðinu bregðist tafarlaust og á viðeigandi hátt við öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa með því að veita þolanda samstundis fullnægjandi vernd.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að löggæslustofnanir sem bera ábyrgð á málefnasviðinu taki virkan og viðeigandi þátt í forvörnum og vernd gegn öllum birtingarmyndum ofbeldis sem falla undir gildissvið samnings þessa, þar á meðal með því að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða í málarekstri og við öflun sönnunargagna.

51. gr.

Áhættumat og áhættustjórnun.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að viðeigandi stjórnvöld framkvæmi mat á áhættu á dauðsfalli, alvarleika ástands og áhættu á endurteknu ofbeldi svo að hafa megi stjórn á áhættunni og veita samhæfða vernd og öryggi, ef þörf krefur.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að það mat sem vísað er til í 1. mgr. taki á öllum stigum rannsóknar og við beitingu verndarráðstafana tilhlýðilegt tillit til þess ef gerendur ofbeldisbrota sem falla undir gildissvið samnings þessa hafi skotvopn í vörslu sinni eða aðgang að þeim.

52. gr.

Brottvísun í neyð.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þar til bær yfirvöld hafi valdheimildir til að bregðast við bráðri hættu með því að skipa geranda heimilisofbeldis að yfirgefa heimili þolanda eða einstaklings sem telst í hættu staddur, í hæfilegan tíma og að banna geranda að fara inn á heimili þolanda eða einstaklings sem telst í hættu staddur eða hafa samband við hann. Með ráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein skal öryggi þolanda eða einstaklings í hættu vera í fyrirrúmi.

53. gr.

Nálgunarbann og verndarúrskurðir.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að grípa megi til viðeigandi heimilda til að beita nálgunarbanni og öðrum verndarráðstöfunum í þágu þolanda ofbeldis í öllum birtingarmyndum sem falla undir gildissvið samnings þessa.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að nálgunarbann eða verndarráðstafanir sem vísað er til í 1. mgr.:
 - séu tiltækar þolanda og veiti tafarlausa vernd án óþarfa kostnaðar eða skriffinnsku,
 - gildi í ákveðinn tíma, eða þar til þeim er breytt eða þær felldar úr gildi,
 - séu gefnar út, þar sem nauðsynlegt er, einungis með aðkomu þolanda (ex parte) þegar þörf krefur og taki samstundis gildi,
 - séu aðgengilegar án tillits til eða samhliða öðrum málarekstri,
 - heimilt sé að koma þeim að við málarekstur í öðrum málum.
3. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að refsing eða önnur viðurlög við brotum á nálgunarbanni og verndarráðstöfunum, skv. 1. mgr., séu skilvirk, hæfileg og hafi varnaðaráhrif.

54. gr.

Rannsóknir brota og sönnunargögn.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að í öllum einka- og sakamálum sé einungis heimilt að leggja fram gögn um fyrri kynferðislega reynslu og hegðun þolanda þegar það varðar málið með beinum hætti eða telst af öðrum ástæðum nauðsynlegt.

55. gr.

Málsmeðferð á grundvelli kæru (ex parte) og í krafti embættis (ex officio).

1. Samningsaðilar skulu tryggja að rannsókn eða saksókn brota sem lýst eru refsiverð í 35., 36., 37., 38. og 39. gr. samnings þessa geti farið fram þótt þolandi hafi ekki lagt fram skýrslu eða kæru ef brotið var framið að öllu eða einhverju leyti á yfirráðasvæði þeirra og málsmeðferð geti haldið áfram jafnvel þótt þolandi dragi til baka yfirlýsingu eða kæru sína.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að stjórnvöldum, frjálsum félagasamtökum og ráðgjöfum vegna heimilisofbeldis sé að

landslögum gert kleift að aðstoða og/eða veita þolanda stuðning meðan á rannsókn og saksókn stendur vegna brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

56. gr.

Verndarráðstafanir.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að vernda réttindi og hagsmuni þolenda, þar á meðal sérstakar þarfir vitna, á öllum stigum rannsóknar á brotum og meðferð þeirra fyrir dómi, einkum með því að:
 - a) tryggja að þeir, fjölskyldur þeirra og þeir sem bera vitni fyrir þeirra hönd séu örugg fyrir ógnunum, hefndum og ítrekuðum skaða,
 - b) tryggja að þolendum sé gert viðvart þegar gerandi strýkur eða er leystur úr haldi tímabundið eða til frambúðar, að minnsta kosti í þeim tilvikum þegar þolendur og fjölskylda kunna að vera í hættu,
 - c) gera þeim viðvart, í samræmi við reglur landsréttar, um réttindi sín og þjónustu sem þeim stendur til boða og framvindu á kæru þeirra, ákærur, um almenna framvindu á rannsókn brots eða meðferð máls fyrir dómi og hlutverki þeirra í málsmeðferðinni, sem og niðurstöðu í málum þeirra,
 - d) gera þolendum kleift, á þann hátt sem samrýmist réttarfarsreglum landsréttar, að tjá sig, útvega sönnunargögn og fá viðhorf þeirra fram, þarfir og áhyggjuefni, beint eða með aðstoð milliliðar og að um þessi atriði sé fjallað,
 - e) veita þolendum viðeigandi stuðningsþjónustu til þess að réttindum þeirra og hagsmunum sé komið á framfæri með tilhlýðilegum hætti og að tekið sé tillit til þeirra,
 - f) tryggja að gerðar séu ráðstafanir til þess að vernda friðhelgi einkalífs þolanda og ímynd hans,
 - g) í þeim tilvikum sem hægt er sé tryggt að komist verði hjá samgangi milli þolanda og geranda innan dómstóla og í húsakynnum löggæslustofnana,
 - h) veita þolendum óháða og hæfa túlka þegar þolendur eru aðilar að málsmeðferð eða þegar þeir bera vitni,
 - i) gera þolendum kleift að bera vitni í samræmi við landsrétt án þess að mæta í réttarsalinn eða að minnsta kosti án þess að meintur gerandi sé viðstaddur vitnisburðinn, einkum með notkun viðeigandi fjarskiptatækni þar sem hún er tiltæk.
2. Þegar barn er þolandi eða vitni að ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi skulu hagsmunir þess vera í fyrirrúmi og grípa skal til sérstakra verndarráðstafana þegar það á við.

57. gr.

Réttaraðstoð.

Samningsaðilar skulu tryggja þolendum rétt á lögfræðiþjónustu og réttaraðstoð án endurgjalds í samræmi við þau skilyrði sem reglur landsréttar setja.

58. gr.

Fyrningarákvæði.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að fyrningarfrestur til málshöfðunar vegna brota, sem lýst hafa verið refsiverð skv. 36., 37., 38. og 39. gr. þessa samnings framlengist um þann tíma sem er nauðsynlegur og samsvarar alvarleika þess glæps sem um ræðir svo að unnt sé að hefja málsmeðferð á skilvirkan hátt eftir að þolandi hefur náð lögaldri.

VII. KAFLI

Fólksflutningar og hæli.

59. gr.

Búsetustaða.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þeim þolendum sem hafa samkvæmt landslögum búseturétt vegna tengsla við maka eða sambúðarmaka sé veitt sjálfstætt dvalarleyfi við umsókn ef til skilnaðar eða sambúðarslita

kemur við sérstaklega erfiðar aðstæður, óháð lengd hjónabands eða sambands. Skilmálar fyrir veitingu og lengd sjálfstæðs dvalarleyfis eru samkvæmt landslögum.

2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þolendur geti fengið brottvísunarmeðferð frestað sem hefst vegna búseturéttar og telst að landslögum vera vegna tengsla við maka eða sambúðarmaka, í því skyni að gera þeim kleift að sækja um sjálfstætt dvalarleyfi.
3. Samningsaðilar skulu gefa út endurnýjanleg dvalarleyfi til þolenda ef til annarrar eða beggja eftirfarandi aðstæðna kemur:
 - a) þar sem lögbær stjórnvöld telja dvöl þolenda nauðsynlega í ljósi persónulegra aðstæðna þeirra,
 - b) þar sem lögbær stjórnvöld telja dvöl þolenda nauðsynlega vegna samvinnu þeirra við hin lögbæru stjórnvöld við rannsókn brota eða meðferð sakamáls.
4. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þolendur sem hafa verið fluttir til annars lands í þeim tilgangi að þvinga þá í hjónaband geti endurheimt fyrri réttarstöðu og eigi í framhaldi af því búseturétt í því landi þar sem þeir höfðu reglulega búsetu.

60. gr.

Kynbundin hælisumsókn.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að viðurkennt verði að kynbundið ofbeldi gegn konum teljist ofsóknir í skilningi 1. gr. A (2) í samningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 1951 og sem ein birtingarmynd á alvarlegum skaða sem krefst viðbótarverndar.
2. Samningsaðilar skulu tryggja að túlkun á öllum forsendum samnings þessa taki mið af kynjasjónarmiðum og að þar sem sýnt er fram á að óttast sé að ofsóknir eigi sér stað á grundvelli þessara forsendna sé þeim, sem eftir því sækist, veitt réttarstaða flóttamanns samkvæmt þeim gerningum sem við eiga.
3. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að gæta kynjasjónarmiða í verklagsreglum um móttöku og stuðningsþjónustu hælisleitenda og í viðmiðunarreglum og umsóknarferli fyrir hælisleit, þar á meðal vegna ákvörðunar um réttarstöðu flóttamanna og umsókn um alþjóðlega vernd.

61. gr.

Að vísa fólki ekki aftur þangað þar sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu.

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að virða þá meginreglu í samræmi við skyldur þjóðaréttar að vísa hælisleitanda ekki aftur þangað sem líf hans eða frelsi kann að vera í hættu.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að konur sem verða fyrir ofbeldi og þarfnast verndar skuli, óháð stöðu þeirra eða búsetu, ekki undir neinum kringumstæðum vera sendar úr landi til nokkurs lands þar sem líf þeirra kann að vera í hættu eða þar sem þær gætu átt á hættu að sæta pyntingum, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

VIII. KAFLI

Alþjóðleg samvinna.

62. gr.

Meginreglur.

1. Samningsaðilar skulu eiga eins víðtækt samstarf sín í milli og frekast er unnt samkvæmt ákvæðum samnings þessa og með því að beita viðeigandi alþjóðlegum og svæðisbundnum gerningum sem samkomulag er um á grundvelli samhljóða eða gagnvirkrar löggjafar, og landslögum í því skyni að:
 - a) koma í veg fyrir, berjast gegn og saksækja vegna ofbeldis í öllum birtingarmyndum sem þessi samningur kveður á um,
 - b) vernda þolendur og veita þeim aðstoð,

- c) rannsaka eða reka mál vegna brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum,
 - d) fylgja eftir úrskurðum dómsmálayfirvalda samningsaðila í viðkomandi einka- og refsímálum, þar á meðal verndarúrskurðum.
2. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þólandur brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum og framin eru á yfirráðasvæði annars samningsaðila en þess þar sem þeir hafa fasta búsetu, geti lagt fram kæru hjá lögbærum yfirvöldum í búseturíki sínu.
 3. Ef samningsaðili, sem gerir að skilyrði að í gildi sé samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum, framsalsmálum eða til fullnustu dóma annarra aðila að samningi þessum í einka- eða refsímálum, fær beiðni um réttaraðstoð, framsal eða fullnustu frá samningsaðila sem hann hefur ekki gert slíkan samning við getur sá fyrrnefndi litið svo á að samningur þessi sé lagagrundvöllur fyrir gagnkvæmri réttaraðstoð í sakamálum, framsalsmálum eða til fullnustu dóma annarra aðila að samningi þessum, í einka- eða refsímálum að því er snertir þau brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.
 4. Samningsaðilar skulu kappkosta að fella, eftir því sem við á, forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi inn í áætlanir um þróunaraðstoð sem eru í þágu þriðju ríkja, þar með talið með því að ganga til tvíhliða og marghliða samninga við þriðju ríkin í því skyni að auðvelda verndun þolenda skv. 5. mgr. 18. gr.

63. gr.

Ráðstafanir vegna einstaklinga í hættu.

